

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. nóvember 2007 02-2007110029

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/153
komudagur 9. 11. 2007


Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, með síðari breytingu - 87. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 2. nóvember 2007 mótttekið bréf yðar dagsett 31. október sama ár þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins, með síðari breytingu.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að lagt sé til að Lánasýsla ríkisins verði lögð niður en þau ákvæði laga nr. 43/1990 er snúi að lánastýringu og almennri lánasýslu ríkissjóðs standi óbreytt.

Það er mat ríkisskattstjóra að ekki sé tilefni til að gera athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu að svo komnu máli.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir